

Skipulagsfulltrúi
Grímsnes-og Grafningshreppur
Borg
801 Selfoss



Reykjavík 14. janúar 2016
UST201512-135/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Endurskoðun aðalskipulags Grímsness og Grafningshrepps 2008 – 2020.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu endurskoðunar aðalskipulags Grímsnes og Grafningshrepps.

Efnistökusvæði

Umhverfisstofnun tekur undir það að aðgerða er þörf þegar engin náma í ofangreindu sveitarfélagi er með starfsleyfi. Einnig þarf að tryggja að námur hafi einnig framkvæmdaleyfi. Umhverfisstofnun minnir á stefnumörkun stjórnvalda um námasvæði er fram kemur í Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020, en þar segir um fækkun náma og frágang opinna náma: „Æskilegt er að nám jarðefna fari fram eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar, auk þess sem minni hættu er á að sérstæð náttúrufræðingur verði fyrir skemmdum. Því verður stefnt að áframhaldandi fækkun náma í vinnslu.“ Umhverfisstofnun minnir á vefinn namur.is en þar kemur allt fram um efnistöku, frá undirbúningi að frágangi.

Orkumál


Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi stefnumörkunar um virkjanir og vindmyllugarða.

Veitumál


Fram kemur í lýsingu að fara þurfi yfir veitumálefni almennt, bæði hitaveitu og vatnsveitu. Umhverfisstofnun tekur undir það en bendir á að einnig er mikilvægt að farið sé yfir stöðu fráveitu í sveitarfélaginu. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að öll fráveita sé skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að markmið um fráveitu séu dagsettar.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun telur lista yfir stefnuskjöl, lög og reglugerðir til fyrirmyndar. Stofnunin bendir á að lög nr. 60/2013 um náttúruvernd hafa tekið gildi.


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur